

LAGABREYTINGATILLÖGUR STJÓRNAR TFÍ FYRIR AÐALFUND 2010

AUKAÆDILD

Núverandi 6. grein

Tæknifræðinemar sem lokið hafa a.m.k. einu námsári í tæknifræði geta orðið aðilar að T.F.Í. með takmörkuðum réttindum og skyldum. Aukaaðilar hafa tillögurétt á félagsfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Aukaaðili getur ekki setið í stjórn T.F.Í.

AUKAÆDILD

Ný 6. grein

Tæknifræðinemar sem lokið hafa a.m.k. einu námsári í tæknifræði geta orðið aðilar að T.F.Í. með takmörkuðum réttindum og skyldum. Nefnast þeir ungfélagar. Ungfélagar hafa tillögurétt á félagsfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Ungfélagi getur ekki setið í stjórn T.F.Í.

AÐALFUNDUR.

Núverandi 13. Grein

Aðalfundur skal haldinn í marsmánuði ár hvert.

Dagskrá fundarins skal tilkynnt í fundarboði, svo og allar tillögur, sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum. Síkar tillögur frá félagsmönnum skulu hafa borist stjórninni fyrir 15. febrúar.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil.
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda.
4. Skýrslur fastanefnda.
5. Skýrslur deilda.
6. Skýrslur hagsmunafélaga.
7. Skýrsla lífeyrissjóðs T.F.Í.
8. Skýrslur fulltrúa T.F.Í. í öðrum samtökum.
9. Kjör formanns.
10. Kjör meðstjórnenda.
11. Kjör fastanefnda.
12. Kjör endurskoðenda.
13. Lagabreytingar.
14. Önnur mál.

Allar skýrslur sbr. liði 1-8, reikningsskil og fjárhagsáætlun skulu liggja frammi a.m.k. viku fyrir aðalfund

AÐALFUNDUR.

Ný 13. Grein

Aðalfundur skal haldinn í marsmánuði ár hvert.

Dagskrá fundarins skal tilkynnt í fundarboði, svo og allar tillögur, sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum. Síkar tillögur frá félagsmönnum skulu hafa borist stjórninni fyrir 15. febrúar.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil.
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda.
4. Kjör formanns.
5. Kjör meðstjórnenda.
6. Kjör fastanefnda.
8. Kjör endurskoðenda.
9. Lagabreytingar.
10. Önnur mál.

Skýrsla um störf félagsins, reikningsskil og fjárhagsáætlun sbr. lið 1-3 skulu liggja frammi a.m.k. viku fyrir aðalfund.

FÉLAGSGJÖLD

Núverandi 24. grein

Stjórn félagsins getur lækkað eða fellt niður félagsgjöld hjá einsökum félögum, ef henni þykir sérstakar ástæður mæla með því, t.d., ef laun félaga hafa minnkað verulega, vegna aldurs, sjúkleika eða af öðrum orsökum. Félagar, sem látið hafa af störfum vegna aldurs sjúkleika eða af öðrum orsökum, þurfa ekki að greiða félagsgjöld.

FÉLAGSGJÖLD

Ný 24. grein

Stjórn félagsins getur lækkað eða fellt niður félagsgjöld hjá einsökum félögum, ef henni þykir sérstakar ástæður mæla með því, t.d., ef laun félaga hafa minnkað verulega, vegna aldurs, sjúkleika eða af öðrum orsökum. Félagar, sem látið hafa af störfum vegna aldurs sjúkleika eða af öðrum orsökum, þurfa ekki að greiða félagsgjöld. Einnig er heimilt að lækka félagsgjöld þeirra sem ekki njóta kjarasamninga KTFÍ og þurfa að greiða til annars stéttarfélags.